



Reykjavík, 23. janúar 2025

USK24100169

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. október 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að ráðist verði í úrbætur á gatnamótum Úlfarsbrautar og Urðarbrunnis í því skyni að auka umferðaröryggi. Úrbæturnar miði m.a. að því að því að það verði alveg skýrt í huga þeirra, sem um gatnamótin fara, hvort þar sé um hringtorg eða venjuleg gatnamót að ræða. Nú virðist nokkur óvissa ríkja um það, sem getur tvímælalaust valdið misskilningi og hættu. Áhersla verði lögð á að tryggja öryggi óvarinna vegfarenda við gatnamótin.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu 30. október 2024

Umsögn:

Samkvæmt umferðarlögum er svokallaður hægri réttur hin almenna regla í umferðinni og gildir alls staðar nema þar sem umferðarmerki gefa annað til kynna (26.gr). Við umrædd gatnamót eru engin umferðarmerki sem gefa til kynna að ákveðin ökutæki hafi forgang eða skuli víkja fyrir öðrum ökutækjum. Því er ljóst skv. umferðarlögum að hægri réttur sé til staðar á þessum stað.

Hægri réttur er ráðandi umferðarréttur í borginni og þar með talið í Úlfarsárdal. Á síðustu tíu árum (2014-2023) hafa, samkvæmt slysagagnagrunni Samgöngustofu, orðið tvö umferðarslys á eða í nágrenni gatnamótanna sem hafa haft í för með sér meiðsl á fólki, bæði með minniháttar meiðslum. Annað þeirra var fallslys hjólandi (13 ára) á gangstétt við gatnamótin. Hitt var í tengslum við biðstöð strætó á Úlfarsbraut aðeins austan gatnamótanna, gengið frá biðstöð í veg fyrir fólksbifreið. Þau slys sem orðið hafa og rekja má til gatnamótanna sjálfra, á sama tímabili, eru þrjú, ekkert þeirra hafði í för með sér meiðsl á fólki. Vitað er um eitt umferðarslys á gatnamótunum á síðasta ári. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um það á þessari stundu þar sem það er ekki hluti af gögnum Samgöngustofu enn. Í gögnum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um umferðarslys þessarar viku segir: „...fimmtudaginn 3. október. Kl. 7.55 var hlaupahjóli hjólað í hlið bifreiðar á gatnamótum Urðarbrunnar og Úlfarsárbrautar í Reykjavík, en vitni sögðu hjólreiðamanninn hafa verið á töluverðri ferð og búinn að missa stjórn á hjólinu í



Reykjavík



aðdraganda slyssins. Hjólreiðamaðurinn var fluttur á slysadeild.“ Afar erfitt er vegna vinstribeygju Strætó á þessum stað að hafa hefðbundið hringtorg og talið er að forgangur Úlfarsbrautar fram yfir Urðarbrunn myndi valda auknum umferðarhraða og þar með auka líkur á alvarlegri umferðarslysum.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að bæta aðstæður á gatnamótunum m.a. með merkingu gangbrauta, bættri lýsingu og afmörkun gangstéttar með pollum. Áfram er fylgst með umferðaröryggi gatnamótunum og nágrenni þeirra og leiðir skoðaðar til að bæta umferðaröryggi eins og tilefni er til á hverjum tíma. Áhersla er áfram á að draga úr umferðarhraða, tryggja góða sýn og að bæta götulýsingu, sérstaklega við gönguþveranir. Í samræmi við markmið umferðaröryggisáætlun borgarinnar er megin áherslan á að draga úr alvarlegum umferðarslysum, sérstaklega á börnum. Ekki er talin ástæða til að bregðast sérstaklega við á þessum gatnamótum að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík